# Textílmennt 6. bekkur

Kennarar: Ingunn Elísabet Viktorsdóttir 6

## Skólaárið

2024 - 2025.

## Helstu námsþættir vetrarins

Í vetur nýta nemendur áunna þekkingu í prjóni og prjóna einfalda húfu, eyrnaband eða trefil. Lögð er rík áhersla á persónulega útfærslu og sjálfstæð vinnubrögð. Nemendur koma með nokkrar hugmyndir sem þeir vilja útfæra og velja síðan eina sem þeir framkvæma. Þeir nemendur sem ná að ljúka við verkefnið fyrir lotuskipti fá að vinna aukaverkefni að eigin vali. Kennsla fer fram með innlögn í upphafi hverrar lotu.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Kennt er í tveim hópum og fær hver nemandi tvær kennslustundir á viku, 60 mínútur í senn.

## Námsaðlögun

Nemendur vinna einstaklingslega að verkefnum þar sem komið er til móts við getu hvers og eins. Þeir nemendur sem treysta sèr ekki ì að prjòna fá annað verkefni ì samràði við kennara.

## Námsmat

Leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Kennari metur frammistöðu nemenda í kennslustundum ásamt lykilhæfni þeirra. Að vetri loknum fær hver og einn nemandi umsögn.

## Námsgögn

Glærukynning, bækur, blöð, leiðbeiningar, hringprjónar, sokkaprjónar, Álafosslopi, prjónagarn, java nál, skæri og annað sem fellur til við vinnuna.

AS Textílmennt 6. bekkur 2022 - 2025

- **Hæfnieinkunn (5 tákn)**

AS Textílmennt 6. bekkur 2022 - 2025 - Lykilhæfni

- fer eftir fyrirmælum
- er sjálfstæð/ur í vinnu
- leggur sig fram við námið af alúð og nýtir tímann vel

AS Textílmennt 6. bekkur 2022 - 2025 - Handverk, aðferðir og tækni

- beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir
- farið eftir einfaldri uppskrift

AS Textílmennt 6. bekkur 2022 - 2025 - Sköpun, hönnun og útfærsla

- þróað eigin hugmyndir í textílverk

AS Textílmennt 6. bekkur 2022 - 2025 - Menning og umhverfi

- fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni
- þekki muninn á eiginleikum náttúruefna og gerviefna